

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 323 — 280. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir,
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms Karlssonar skipstjóra og módelismiðs.

Umsögn

Það er fagnaðarefni að áhugi skuli vera á því að efla sjóminjavörslu á Íslandi. Reykjanesbær er vel til þess fallinn að taka að sér verðugt hlutverk í því verkefni.

Árið 2002 var opnuð sýning á bátalíkönum Gríms Karlssonar í samvinnu við Byggðasafn Reykjanesbæjar í Duushúsum í Keflavík. Þar má einnig sjá marga gamla gripi og myndir úr eigu safnsins. Áhersla var lögð á að sýna vinnu og handbragð Gríms en þar er á ferðinni sannur vinur sjóminjavörslunnar og á hann mikið hrós skilið fyrir elju sína og dugnað. Allar götur síðan hefur sýningin verið opin almenningi og margir hafa sýnt henni mikinn áhuga einkum þeir sem tengdust sjósókn í eldri tíð. Mikilvægt er að þróa þetta áfram og huga að ýmsum fleiri þáttum sjómennsku, útgerðar og fiskvinnslu í landi.

Áhugavert væri einnig að huga að skipasmíðum og vinnu í vélsmiðjum en mikið og merkilegt starf var unnið á slíkum vinnustöðum og enn eru margir til staðar sem unnu við þessar iðnir. Þar má finna mikla sögu íslensks hug- og verkvits, menn urðu að bjarga sér og leysa úr málum þannig að skipin nýttust sem best við íslenskar aðstæður. Það er mikilvægt að huga líka að varðveislu skipanna sjálfra því þau eru ekki síst heimildir um hand- og hugverk íslenskra skipa- og vélsmiða. Mikilvægt er einnig að gera áætlun um varðveislu skipa á landsvísi.

Til þess að efla þessa minjavörslu er nauðsynlegt að byggja upp öflugt safnastarf. Slíkt starf felur m.a. í sér söfnun, skráningu, varðveislu og rannsóknir á sjóminjum, stefnumótun og áætlunargerð, auk þess sem þróa þarf fjölbreytilegt fræðsluefni fyrir öll skólastarf og byggja upp miðlunarstarf. Svona vinna er ekki unnin í hjáverkum og árangur næst aðeins með því að ráða starfsmenn að slíku verkefni. Þá er mikilvægt að tryggja slíkri starfsemi húsnæði sem uppfyllir grunnþarfir svona safns.

Virðingarfyllst

Sigrún Ásta Jónsdóttir
Forstöðumaður, Byggðasafns Reykjanesbæjar



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi
Erindi nr. P 139/2032
komudagur 28.4.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. apríl 2011
NMSI 2011.038

Erindi: Umsögn um þingsályktunartillögu um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ

Meðfylgjandi er umsögn Náttúruminjasafns Íslands um þingsályktunartillögu er varðar Skipasafn Íslands í Reykjanesbæð, 139. Lögg.þing, þingskj. 323 - 280. mál.

Beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn barst í tölvupósti 10. apríl 2011.

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

Umsögn Náttúruvinnuáskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

139. löggjafarþing 2010–2011. Þskj. 323 — 280. mál. Tillaga til þingsályktunar:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms Karlssonar skipstjóra og módelismiðs.

Óhætt er að taka undir þau orð í tillögu til þingsályktunar sem lúta að því hversu mikilvæg saga útgerðar og fiskveiða er okkur Íslendingum. Hins vegar ber að líta til þess að nú þegar eru söfn á íbúa héraðs sennilega með því mesta sem gerist. Það á að vera stefna stjórnvalda að fækka söfnum og styrkja þau. Þess vegna telur Náttúruvinnuáskrifstofa Íslands það munu verða farsælla að annað hvort fella umræddan skipaflota inn í Sjóvinnuáskrifstofu Víkina í Reykjavík eða sameina það Byggingasafni Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ.

Módelasafn af skipum og bátum myndi falla vel að starfsemi Sjóvinnuáskrifstofu Víkina, en þar er áhersla á sjómennsku og sjósókn. Þar eru þegar til staðar hlutar skipa, veiðarfæri, upplýsingar um skip og báta og annað sem slík söfn byggja starfsemi sína á.

Það er algengt og sjálfsagt að færa starfsemi frá höfuðborginni og út á land. Það verður því að vera eins sjálfsagt að færa starfsemi af landsbyggðinni þangað sem hún á betur heima t.d. í Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 139/2028
komudagur 15.4.2011



REYKJANESBÆR

reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 15. apríl 2011
Tilvísun: 2011040159

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Skipasafn Íslands í Reykjavík

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 14. apríl 2011 var til afgreiðsu erindi Menntamálanefndar Alþingis dags. 8. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um Skipasafn Íslands í Reykjavík, 280. mál, þskj. 323.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með tillögunum og hvetur til að hún verði samþykkt og lýsir ítrekað yfir að bæjaryfirvöld eru tilbúin til viðræðna um verkefnið.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjavíkur

Elísabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarsjóra

Reykjavík
Tjarnargötu 12
Póstfang 230

Sími: 4216700
Bréfasími: 4214667

reykjanessaer@reykjanessaer.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/2165
komudagur 26.4.29/2

safnaráð

the museum
council
of iceland

suðurgötu 41
101 reykjavík
sími: 530 2216
fax: 530 2231

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

Alþingi - nefndasvið
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2011
Tilvísun: 1104121alth - RH

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Safnaráð þakkar bréf menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Safnaráð fagnar þeim áhuga sem flutningsmenn tillögunnar sýna bátaarfi Íslendinga.


Ráðið telur mikilvægt að hugað verði að varðveislu skipaarfs Íslendinga, þar sem dýrmætar menningarsögulegar heimildir liggja undir skemmdum. Varðveislugildi frumheimilda, bátanna sjálfra, á þessu sviði er mikið en þær fela meðal annars í sér nákvæmar heimildir um ákveðið verklag og aðferðir. Markviss varðveisla þessara frumheimilda er afar tímabær, en fjárskortur og skortur á stefnu hefur valdið því að bátaarfur Íslendinga liggur undir skemmdum.

Safnaráð telur mikilvægt að fagleg forgangsröðun með árangursríka varðveislu frumheimilda að markmiði stýri ríkisfjármögnun á þessu sviði. Þá er mikilvægt að stutt verði við faglegt starf og uppbyggingu safna sem þegar eru starfandi á vegum ríkisins, en ýmis brýn og fjárfrek verkefni liggja fyrir þar.

Safnaráð leggur til að sem fyrsta skref verði ráðist í vandaða varðveislu frumheimilda, bátanna sjálfra og styður fyrri hugmyndir um stofnun skipafriðunarsjóðs í því samhengi (sbr. þingsályktunartillaga á 136. löggjafarþingi, 60. mál). Innan umræddra safna er að finna sérfræðipækkingu og aðstöðu sem nýst getur í þágu þess verkefnis.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. safnaráðs,


Rakel Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

lðavöllum 12 • 230 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Fax 421 3766 • Netfang sss@sss.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/2027
komudagur 15.4.2011

Alþingi

b.t. menntamálanefndar

Austurstræði 8-10

150 Reykjavík

Suðurnesjum 14. apríl 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ, 280. mál.

Vísað er til tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. apríl s.l., þar sem óskað er umsagnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um ofangreint mál.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að gengið verði til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms karlssonar skipstjóra og módelismiðs.

Stjórn S.S.S. fagnar tillögunni og hvetur til að hún verði samþykkt. Sjávarútvegurinn hefur mótað þjóðina og verið órjúfanlegur hluti af sögu hennar, ekki síst á Suðurnesjum. Skipasafn Íslands á því vel heima á þessu svæði.

Virðingarfyllst,

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir,

Framkvæmdastjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 139/2026
komudagur 15. 4. 2011

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2011
Tilvísun: 2011040004/00.03

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.


Þjóðminjasafn Íslands þakkar bréf menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Þjóðminjasafn Íslands tekur undir umsögn safnaráðs, enda telur safnið mikilvægt að hugað verði enn betur að varðveislu skipa- og bátaarfs Íslendinga. Þjóðminjasafn Íslands fagnar því þeim áhuga sem flutningsmenn tillögunnar sýna þessum mikilvæga menningararfi. Vegna aðstöðuleysis og fjárskorts liggja ómetanlega sjóminjar, bátar- og skip, undir skemmdum víða um landið. Varðveislugildi þessara minja er mikið, en þær fela meðal annars í sér nákvæmar frumheimildir um ákveðið verklag og aðferðir á þessu sviði.

Það er afar mikilvægt forgangsmál að stutt verði við faglegt starf safna sem þegar eru starfandi á þessu sviði, en ýmis brýn og fjárfrek verkefni liggja þar fyrir. Hjá sjóminjasöfnum landsins er til staðar sérfræðipækking og aðstaða sem nýst getur í þágu þess verkefnis. Þjóðminjasafn Íslands og sjóminjasöfn um allt land standa nú þegar að faglegri samvinnu og hafa með sér samráðsvettvang, *Samband íslenskra sjóminjasafna*. Þjóðminjasafn Íslands hafði einmitt frumkvæði að því fyrir áratug.

Markviss varðveisla báta- og skipaminja er sannarlega mikilvægt verkefni, og tímabært að stutt verði við stefnumörkun og átak sem tryggja megi árangur á þessu sviði um allt land. Þjóðminjasafn Íslands er reiðubúið til þess að vera leiðandi á því sviði í samvinnu við sjóminjasöfn landsins og telur mikilvægt að fagleg forgangsröðun með árangursríka varðveislu skipa- og bátaminja að markmiði stýri ríkisfjármögnun á þessu sviði.

Með vinsemd og virðingu


Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörðun